

**Deloitte.**

**Sveitarfélagið  
Fljótsdalshreppur**

**Endurskoðun 2015  
Endurskoðunarskýrsla**

**3. maí 2016**



# 1. Samantekt á helstu niðurstöðum

## 1.1. Áritun endurskoðanda

Við höfum endurskoðað ársreikning Sveitarfélagsins Fljótshreppur fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun sveitarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Samkvæmt ársreikningi er afkoma, heildareignir og eigið fé eftirfarandi:

	Sveitarsjóður	Samantekið
Afkoma	23.397 þús.	25.675 þús.
Heildareignir	859.203 þús.	859.536 þús.
Eigið fé	844.300 þús.	836.181 þús.

Eins og fram kemur í áritun okkar á ársreikningi Fljótshreppur er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2015, efnahag þess þann 31.12.2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Í endurskoðunarskýrslunni vekjum við fyrst og fremst athygli á þeim atriðum sem við höfum komist að raun um við endurskoðunina og við teljum mikilvægt að sveitarstjórn fái upplýsingar um. Í skýrslunni er því ekki fjallað um öll mál sem upp hafa komið við endurskoðunina. Við leggjum á það áherslu að ekki er hægt að gera okkur ábyrg fyrir því að greina allar áhættur eða veikleika í innra eftirliti hjá sveitarfélaginu, en hugsanlegt er að umfangsmeiri skoðun hefði getað leitt slíkt í ljós.

Við viljum færa starfsmönnum Fljótshreppur og þjónustuaðilum hans sem veitt hafa okkur aðstoð og upplýsingar, þakkir fyrir gott samstarf á árinu. Einnig viljum við þakka sveitarstjórn fyrir samstarfið á árinu.

Við viljum lýsa ánægju okkar með hve vel hefur verið brugðist við ábendingum okkar frá fyrri árum varðandi veikleika í starfaaðgreiningu og samþykkt kostnaðar.

Við munum að sjálfsgöðu veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina ef óskað verður eftir því.

**Deloitte ehf.**

Sigurður Álfgeir Sigurðarson  
endurskoðandi

## 2. Endurskoðunaraðferð

### 2.1 Almenn um endurskoðunaraðferðina

Markmiðin með endurskoðuninni eru fyrst og fremst:

- Að gefa álit á því hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og efnahag sveitarfélagsins og breytingu á handbæru fé á árinu.
- Að votta um hvort ársreikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglna, sem um starfsemina gilda, og settar reikningsskilareglur.

Megin skrefin sem við tókum til að nálgast þessi markmið okkar voru að:

- Afla okkur viðtækrar þekkingar á starfsemi sveitarfélagsins, stjórnun þess og innra eftirliti, til að greina helstu áhættuþætti sem hafa áhrif á niðurstöðu.
- Gera ítarlega endurskoðunaráætlun þar sem tekið er tillit til áhættumestu liða sem hafa áhrif á niðurstöðu ársreikningsins.
- Gera úrtakskannanir og greiningaraðgerðir byggðar á áhættu og mikilvægi þátta.
- Taka saman yfirlit og draga fram niðurstöður fyrir einstaka þætti í endurskoðuninni.

### 2.2 Sviksemi

Endurskoðun okkar er ekki ætlað að greina sviksemi en við getum á mismunandi stigum endurskoðunarinnar fundið áhættuþætti tengda sviksemi. Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að afla upplýsinga um mat stjórnenda á áhættunni á svikum og fá upplýsingar um hvort stjórnendur séu meðvitaðir um sviksemi innan sveitarfélagsins. Einnig þurfum við að öðlast vitneskju um það hvort að sviksemi hafi komið upp hjá sveitarfélaginu.

Áhættu af sviksemi er skipt niður í tvo megin flokka:

- Sviksemi við gerð reikningsskila
- Sviksemi vegna misnotkunar eigna

Sviksemi við gerð reikningsskila felur í sér vísitandi rangfærslu að því er varðar fjárhæðir og/eða skýringar í því skyni að blekkja notendur reikningsskilanna.

Sviksemi vegna misnotkunar eigna felur í sér að misfarið er með eignir sveitarfélagsins svo sem í formi fjárdráttar.

Þeir þættir sem geta ýtt undir sviksemi eru:

- Hvati og þrýstingur til þess að fremja svik
- Tækifæri til svika
- Viðhorf og réttlætning

Við höfum rætt við stjórnendur og starfsmenn um hvort að þeir hafi orðið varir við eða fengið vísbendingar um sviksemi og/eða að lög hafi verið brotin. Stjórnendur og starfsmenn hafa staðfest við okkur að þeir hafi ekki orðið varir við neitt slíkt.

Bæjarstjórn og stjórnendur sveitarfélagsins bera höfuðábyrgð á því, skv. lögum um ársreikninga, að uppgötva sviksemi og koma í veg fyrir hana, ásamt því að innleiða og viðhalda innra eftirliti sem tryggir áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, árangur og skilvirkni rekstrar og að farið sé að lögum og reglum.

Endurskoðendur sveitarfélagsins geta aðeins náð hæfilegri, en ekki algerrri, vissu um að reikningsskilin séu án verulegra rangfærsla vegna sviksemi eða annarra skekkja.

Við vinnu okkar komu ekki fram neinar vísbendingar um sviksemi.

### 2.3 Óhæði

Í lögum um endurskoðendur er þess getið að í endurskoðunarverkefnum skuli endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki vera óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

Við staðfestum hér með að Deloitte og starfsmenn þess sem koma að endurskoðuninni eru óháðir Sveitarfélaginu Fljótshreppi eins og siðareglur starfsstéttarinnar og lög kveða á um.

### 2.4 Þagnarskylda

Endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsfólk Deloitte er bundið trúnaði um hvaðeina sem það verður áskynja um í starfi og mun ekki rjúfa þann trúnað, nema lög mæli svo fyrir um.



## 3. Ábyrgð

### 3.1 Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sveitarfélagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Endurskoðandinn er ekki og á ekki að vera gerður ábyrgur fyrir því að sveitarfélagið fari eftir lögum og reglum.

### 3.2 Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Sveitarstjórn er ábyrg fyrir því að gerð og framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Henni ber að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð sveitarstjórnar nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Stjórnendur sveitarfélagsins eru ábyrgir fyrir því að eftirlit með starfsemi þess, bókhaldi og fjármálum sé fullnægjandi og viðeigandi í samræmi við stærð þess og starfsemi. Það er á ábyrgð stjórnenda að tryggja að starfsemi Sveitarfélagsins Fljótsdalshrepps sé í samræmi við ákvæði laga og reglna. Það er einnig á ábyrgð stjórnenda að fyrirbyggja brot á lögum og reglum ásamt því að uppgötva brot ef um þau er að ræða.

### 3.3 Upplýsingar frá stjórnendum

Í tengslum við ársreikning Fljótsdalshrepps mun oddviti staðfesta í sérstöku staðfestingarbréfi að ýmsar fullyrðingar sem erfitt er að staðfesta með öðrum hætti séu samkvæmt þeirra bestu vitund og þekkingu.

## 4. Helstu áhættuþættir og ábendingar

Við endurskoðunarvinnu okkar komu fram nokkur atriði sem við teljum ástæðu til að vekja athygli á.

Þegar samþykkt eru útgjöld sem eru umfram fjárhagsáætlun, er mikilvægt að sveitarstjórnarmenn séu upplýstir um það sérstaklega. Samþykkja þarf þá viðauka við fjárhagsáætlun svo heimild sé til staðar fyrir útgjöldunum.

Í skýringu nr. 10 í ársreikningi Fljótsdalshrepps er fjallað um skuldbindingar utan efnahagsreiknings, þar segir: „Fljótsdalshreppur er aðili að Almannavarnarnefnd Héraðssvæðis, Brunavörnum á Héraði, Brunavörnum á Austurlandi, Sambandi Sveitarfélaga á Austurlandi, Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, Ársölum bs., Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Héraðsskjalasafni Austfirðinga, Austurbrú, Minjasafni Austurlands og Skólaskrifstofu Austurlands. Skuldbindingar vegna þessara verkefna eru ekki færðar í ársreikninginn.“ Vakin er sérstök athygli á þessari skýringu í ársreikningum þar sem ekki er útilokað að einhvern tímann í ókominni framtíð muni falla á sveitarfélagið einhverjar fjárskuldbindingar vegna þessara rekstrareininga.

Afkoma Eignasjóðs er veruleg neikvæð fyrir einkiptisframlagið frá Aðalsjóði. Er það vegna ónægrar innri leiga og tekna en einnig vegna mikilla afskrifta og fjármagnskostnaðar. Afkoma Eignasjóðs hefur verið neikvæð síðustu ár. Afkoma Eignasjóðs á að vera í jafnvægi til lengri tíma lítið. Er því beint til hreppsnefndar að hlutast til um að svo megi vera.

Við viljum vekja athygli á reglugerð 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga sem gildi tók 1. janúar 2016. Í 21. grein reglugerðarinnar er fjallar um rekstrarframlög til fyrirtækja sveitarfélaga en þar segir: „Hafi sveitarfélag falið fyrirtækjum sínum að sjá um lögbundin verkefni eða önnur venjubundin verkefni sveitarfélaga ber aðalsjóði að reikna og færa árlega framlag til viðkomandi fyrirtækja til þess að mæta rekstrarhalla þeirra. Þetta á við þegar um viðvarandi rekstrarhalla er að ræða og starfsemi viðkomandi fyrirtækis er ekki í samkeppnisrekstri. Framlagið færast til gjalda á viðkomandi málaflokk í aðalsjóði og til tekna sem rekstrarframlag hjá viðkomandi fyrirtæki. Dæmi um slík fyrirtæki eru hafnarsjóður, veitur og félagslegar þjónustustofnanir.“



## 5. Fjárhagsupplýsingar

### 5.1 Skuldaviðmið

Skuldaviðmið Fljótsdalshrepps reiknað samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga er 0,0%. Samkvæmt sveitastjórnarlögum má þetta hlutfall ekki vera hærra en 150%. Fjárhagsleg staða sveitarfélagsins er því sterk og veltufjármunir eru hærri en allar skuldir sveitarfélagsins.

### 5.2 Rekstrarjöfnuður

Samkvæmt 64. grein sveitastjórnarlaga nr. 138 frá 2011 skulu samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B-hluta á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en samanlagðar reglulegar tekjur. Samanlögð rekstrarniðurstaða hjá sveitarfélaginu er jákvæð sem nemur 2,6 milljón króna á árunum 2013 – 2015. Án óreglulegra tekna er samanlögð rekstrarniðurstaða hjá sveitarfélaginu einnig jákvæð sem nemur 0,9 milljón króna á árunum 2013 – 2015. Sveitarfélagið hefur því uppfyllt þetta lagaákvæði síðastliðið ár.

### 5.3 Efnahagsliðir

Meðal veltufjármuna er eignfærð inneign í virðisaukaskatti upp á rúmar 19,6 milljónir sem er til komin að mestu leiti vegna vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað við Laugafell og í Fjallaskarði. Ríkisskattstjóri hefur enn ekki afgreitt umsókn sveitarfélagsins um endurgreiðslu virðisaukaskattsins þar sem Laugafellsskálinn sést ekki á fasteignamati undir Fljótsdalshreppi. Það sama á við um Fjallaskarð. Vakin er sérstök athygli á að elsta virðisaukaskattsinneignin er frá 2009. Ekki er útilokað að vegna aldurs inneignarinnar gæti sú staða komið upp sveitarfélagið missti af endurgreiðslunni.

Þá er og vakin athygli á eignfærslu ýmissa stofnframlaga, samtals að fjárhæð 1,6 millj. kr. Þessir liðir voru eignfærðir fyrir allmörgum árum, og hefur ekki verið við þeim hróflað. Samkvæmt reglum um reikningsskil sveitarfélaga ber hins vegar að gjaldfæra framlög sem þessi, enda mynda þau ekki sjálfstæða eign.

Reikningshaldsleg afskrift óinnheimtra tekna var yfirfarin í árslok og mat lagt á virði krafna og niðurstaðan var reikningshaldsleg afskrift sem nam í árslok um 0,4 milljónum króna hjá sveitarfélaginu.

Framlag var veitt frá Aðalsjóði til að færa út uppsafnaðar viðskiptastöður milli Aðalsjóðs og Eignasjóðs upp á 871 milljón króna, um óreglulegan- og einskiptislið er að ræða.

## 6. Önnur mál

Í samræmi við 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá árinu 2011 höfum við kannað hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnslá sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingarskyldu sveitarfélaga. Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að þessi atriði séu í góðu lagi hjá sveitarfélaginu.





# Deloitte

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari itarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 200.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.

© 2015 Deloitte ehf.